

**Nd.**

**674. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.

Flutningsm.: Fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn Landsbankans eru 3 bankastjórar; skulu tveir þeirra að minsta kosti vera vel hæfir og viðskiftafróðir verslunarmenn, eða menn, sem gegnt hafa ábyrgðarmikilli stöðu í banka að minsta kosti 10 ár, með góðum vitnisburði.

Enn fremur skipa bankastjórnina 2 gæslustjórar, er kosnir sjeu af hverri deild Alþingis til 4 ára í senn.

Stjórnarráðið skipar bankastjórana og vikur þeim frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal það skriflega grein fyrir því, hvað veldur frávikningunni.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfinu um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. Á eftir 1. gr. komi ný 2. gr., svo hljóðandi:

Aðsetur bankans er í Reykjavík, og þar skulu bankastjórar og gæslustjórar eiga heima.

3. 2. grein, sem verður 3. gr., orðist svo:

Bankastjórar annast dagleg störf bankans og stýra þeim, með aðstoð gæslustjóranna. Greini bankastjórana á, skal leggja ágreiningsmálið undir alla bankastjórnina, og sker þá meiri hlutinn úr.

Fundargerðin skal rituð í fundarbók bankastjórnarinnar, og skal bankastjórnin skrifa undir.

4. 3. gr., sem verður 4. gr., orðist svo:

Bankastjórnin skipar skrifstofustjóra og gjaldkera bankans, og vikur þeim frá. Aðra starfsmenn bankans skipa bankastjórarnir og vikja þeim frá. Þeir ákveða og starfstíma bankans.

Mínst tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Bókarar skulu vera tveir, auk skrifstofustjóra; svo skulu gjaldkerar vera tveir, og skulu þeir vera hvor öðrum óháðir.

Bankastjórnarnir skifta starfinu á milli gjaldkeranna og bókaranna.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að gjaldkeri og bókarari hafi ritað undir þær.

Gjaldkeri má ekki greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnanna þarf til, nema með samþykki minst tveggja bankastjórnanna.

Nú er ekki nema einn af bankastjórunum við látinn, og undirskrifar þá annarhvor gæslustjórnanna.

5. 4. grein, sem verður 5. gr., orðist svo:

Byrjunarlaun bankastjórnanna skulu vera 6000 krónur, sem hækka eftir hverja þriggja ára þjónustu um 1000 krónur, upp í 10000 kr.

Árslaun gæslustjóra eru 1200 krónur til hvors.

Skrifstofustjóri hefir að byrjunarlaunum 3500 krónur, sem hækka eftir hverja þriggja ára þjónustu um 500 krónur, upp í 5000 krónur.

Gjaldkerar hafa að byrjunarlaunum 4000 krónur, sem hækka eftir hverja þriggja ára þjónustu um 500 krónur, upp í 5000 krónur, og bera þeir hvor um sig alla ábyrgð á mistalningu á fje því, sem fer í gegnum þeirra hendur.

Gjaldkerar skulu setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið ákveður.

Bankastjórnarnir mega ekki hafa nein embættisstörf eða atvinnustörf á hendi, nje taka arð af viðskiftum eða framleiðslu. Sama gildir um skrifstofustjóra og gjaldkera bankans.

6. Aftan við þessa grein komi ný 6. gr., svo hljóðandi:

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita stjórnarráðinu alla þá vitneskju um hag bankans, sem því þurfa þykir.

7. Aftan við þá grein komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

Eigi mega bankastjórnarnir vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

8. Aftan við þá grein komi ný 8. gr., svo hljóðandi:

Þegar af hvers árs arði bankans hefir verið frá dregið 1% í landssjóð af seðlum bankans, 750 þúsund kr., samkv. lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og lögum nr. 2, 12. jan. 1900, 1% í byggingarsjóð, samkvæmt lögum nr. 29, 21. okt. 1905, og 2% til varasjóðs af seðlaskuld bankans, 750 þús. kr., skal leggja 4% af ársarðinum í ellistyrkssjóð handa starfsmönnum bankans. Skal sá sjóður ávaxtast í bankanum sjerstaklega.

Í reglugerð skal stjórnarráðið setja ákvæði um, eftir hvaða reglu og með hvaða skilyrðum ellistyrknum skuli útbýtt.

Afgangi arðsins skal svo skifta milli varasjóðs bankans og landssjóðs, eftir sömu reglu og áður hefir gilt, að frádragnum þeim arði, er aðrir einstakir innskotseigendur kunna að fá sem ágóðahluta samkvæmt 9. gr.

9. Á eftir þeirri grein komi ný 9. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er bankastjórninni, með samþykki stjórnarráðsins, að veita innfæddum, hjer búsettum mönnum heimild til að gerast innskotseigendur í bankanum, eftir sömu eða líkri reglu um skifting arðsins eins og landssjóður nú hefir. Arður slíkra innskotseigenda má þó aldrei meiri vera en 7% af innskotsfjenu, og eigi minni en 4<sup>1</sup>/<sub>2</sub>%.

Ef arðurinn nemur eigi svo miklu, að innskotseigendur geti fengið 4<sup>1</sup>/<sub>2</sub>% af innskotsfjenu, skal taka það, sem til vantar, úr varasjóði.

Slíku innskotsfje einstakra manna getur Landsbankinn sagt upp að meira eða minna leyti eða öllu með 6 mánaða fyrirvara, ef stjórnarráðið samþykkir.

10. Á eftir þeirri grein komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Á meðan fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson lifir, fær hann árlega 4000 krónur í lífeyri. Sama lífeyri fá og aðrir bankastjórar, sem láta af bankastjórn sökum elli eða heilsubilunar.

11. Á eftir þessari gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, og önnur ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

12. 5. gr. verði 12. gr.

## Á s t æ ð u r .

### Við 1. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þeir menn eru sjálfkjörnastir til að stjórna banka, sem haft hafa á hendi verslun innanlands og við útlönd um langan tíma, og gert hefir þá nauðkunnuga hag og kringumstæðum alls almennings og atvinnuveganna.

Þá þekkingu og reynslu geta og bankastarfsmenn fengið, ef þeir hafa gegnt ábyrgðarmiklum stöðum í banka að minsta kosti um 10 ára skeið.

Þess vegna er lagt til í þessari grein, að minst 2 bankastjórnarnir skuli vera verslunarfróðir eða bankafróðir menn.

Jafnframt er lagt til, að gæslustjórnarnir sjeu tveir, eins og áður, bæði vegna þess, að meiri trygging er fyrir því, að bankanum sje vel stjórnað, og svo er tæplega hægt að leggja þeirra störf niður, þar sem minst tveir úr bankastjórninni verða að undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, og að oft getur komið fyrir, að 2 af bankastjórunum sjeu fjarverandi eða forfallaðir í senn.

Þá er gert ráð fyrir, að ráðuneytið, en ekki einstakur ráðherra, veiti bankastjórasyðslanirnar og víki bankastjórunum frá.

### Við 2. gr.

Ákvæði þetta er eins og í eldri lögnum.

### Við 3. gr.

Ákvæði þetta er að efni til eins og í gildandi lögum og samkvæmt venjunni.

### Við 4. gr.

Hjer er lagt til, að bankastjórnin (5 menn) skipi aðalbókara, sem nú er nefndur skrifstofustjóri, og gjaldkerana báða, og viki þeim frá. Hingað til hefir landsstjórnin haft þetta á hendi.

Reynslan hefir sýnt, að alls ekki er hægt að koma á góðri stjórn í bankanum nje góðri samvinnu, ef bankastjórnin hefir eigi bæði valdið til að skipa þessa menn, eins og aðra starfsmenn bankans, og að vikja þeim frá, og mun væntanlega eigi þurfa að færa frekari rök fyrir því.

Þess mun og hvergi vera dæmi, að bankastjórnin geti eigi ráðið yfir og stjórnað starfsmönnum þeim, er hún hefir í þjónustu sinni.

Þá eru það nýmæli í þessari grein, að bókararnir skuli vera tveir, auk skrifstofustjóra. Það kemur til af því, að í löggjöf bankans er svo ákveðið, að undirskrift bókara og gjaldkera skuli vera full sönnun fyrir innborgunum og útborgunum, t. d. í sparisjóðsbókum, en að þessi eini bókarari, sem verið hefir, getur eigi nú lengur annast allar þær undirskriftir. Gera má og ráð fyrir því, að sparisjóðurinn verði skilinn frá bankanum á einhvern hátt, er þar að kemur, að Landsbankinn fær aukinn seðlaútgáfurjett, og yrði þá annar bókarinn á eigin ábyrgð að annast bókarastarfið við sparisjóðinn.

Þá er ætlast til, að gjaldkerar verði tveir. Það mundi greiða mjög fyrir afgreiðslunni í bankanum, sem er nú alveg óviðunandi seinfær, að flestra dómi, er við bankann skifta.

Að sjálfsgöðu ætti þá annar gjaldkerinn að annast út- og innborganir sparisjóðsins, og ef till vill fleira.

### Við 5. gr.

Þá er lagt til, að sú breyting verði gerð, að bankastjórar, skrifstofustjóri og gjaldkeri fái stigandi laun og hærri laun en nú. Orsökkin til þess er sú, að laun fyrir ábyrgðarmikil störf hljóta að stiga. Og óhugsandi er að geta valið úr bestu verslunarmönnum í bankastjórástöðu, ef launin eru eigi hærri en 6000 kr. Og færustu verslunarmennirnir til þeirrar stöðu mundu alls ekki fást fyrir þau laun. Það leikur jafnvel vafi á, hvort nýtustu mennirnir fengjust fyrir þau laun, sem hjer er stungið upp á.

Bókarastarfið, sem svo hefir verið nefnt, er orðin afarvandasöm staða. Það starf geta eigi aðrir haft á hendi en vel æfðir bankamenn, sem hafa góðar gáfur. Þess vegna er það starf þegar fyrir löngu oflágt launað, enda er verk-sviðið nú orðið alt annað en það var í upphafi, og miklu vandameira en t. d. gjaldkerastörfin.

Laun gæslustjóranna eru nú 1000 kr., en lagt til, að þau sjeu 1200 kr., því að meiru er nú yfir að sjá en áður og meira að annast.

Laun gjaldkera bankans eru nú 2400 kr., sem eru altof lág laun. Hins vegar hefir hann í mistalningarfje 2600 kr., sem er alveg úrelt fyrirkomulag. Samkvæmt lögum bankans hefir hann notið alls mistalningarfjárins, auk launanna, í mörg ár, eða alls 5000 kr. Hjer er lagt til, að gjaldkerarnir hafi 4000 kr. að

byrjunarlaunum, sem hækki á þriggja ára fresti um 500 kr., upp í 5000 kr., og beri þeir alla ábyrgð á mistalningu.

Þá eru hjer sett gleggri ákvæði um það en í eldri lögum, að bankastjórnir megi ekki bafa nein auka-atvinnustörf á hendi, því að auðvitað er meint með því, að þeir seillist eigi eftir aukatekjum umfram launin, sem gert geti bankastjórana háða.

Við 6. gr.

Ákvæði þetta er eins og í gömlu lögum.

Við 7. gr.

Ákveðið er í gildandi bankalögum, að hvorki bankastjórnir nje starfsmenn bankans megi vera skuldskeyttir bankanum. Ákvæðið, að því er bankastjórana snertir, má telja sjálfsagt, en það má telja mjög óheppilegt að því er starfsmenn bankans snertir. Margir hafa þeir lág laun og þurfa því á lánum að halda. Er þá ekki í annað hús að vanda en að fara til keppinauts Landsbankans, sem getur haft óheppileg áhrif. Hins vegar ætti bankastjórninni að vera treystandi til að heimta næga tryggingu fyrir þeim lánum, er starfsmennirnir fengju í bankanum, og að taka afborgun og vexti af launum þeirra.

Við 8. gr.

Það mun vera regla í flestum stærri stofnunum, og öllum ríkisbönkum, að sjá fyrir starfsmönnum sínum í ellinni, eða ef þeir vegna vanheilsu geta eigi lengur unnið.

Dregist hefir því altöf lengi að sjá fyrir þessu.

Hjer er því lagt til, að þessi sjóður verði nú þegar myndaður, og sje honum varið eftir nákvæmari reglum, er stjórnarráðið setur, eftir tillögum bankastjórnar, til þeirra starfsmanna bankans, sem eigi hafa lögákveðin laun. Ætlast er til, að starfsmenn bankans leggi fram nokkurt árlegt gjald af launum sínum í þennan styrktarsjóð. Gera má ráð fyrir, að sýslunarmenn þeir, sem laun fá samkvæmt lögum, fái ákveðinn ellistyrk frá bankanum, samkvæmt sjerstökum lögum, þegar þeir með þurfa.

Við 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er ætlast til, að menn sem eiga fje, sem þeir vilja binda fyrir fult og alt í einhverju fyrirtæki, gegn sæmilega háum vöxtum, en eigi vilja leggja það í áhættufyrirtæki, geti lagt það sem veltufje í bankann og fengið þar arð, sem svarar því, sem bankar alment svara hluthöfum sínum. Eigi er ætlast til, að þeir eignist neitt í varasjóði bankans, eða að þeir fái neinn atkvæðisrjett um stjórn hans eða annað.

Síðustu árin hefir, eins og kunnugt er, sparisjóðsfe og innlánsfe bankans vaxið afarmikið, svo að það nemur nú samtals um 8800 þús. kr. Hins vegar er veltufje bankans ekki meira sem stendur en seðlarnir, 750 þús. kr., og 300 þús. kr., sem landssjóður hefir lagt fram. Varasjóður bankans er að vísu orðinn yfir 1300 þús. kr., en eigi getur hann talist til veltufjár, enda verður hann nú að miklu leyti að standa í verðbrjefum.

Bankinn starfar því nú mestmegnis með lánsfe, þó að starfsfeð smám saman

eigi í vændum að aukast um 100 þús. kr. frá landssjóði á næstu 17 árum. Það ætti því eigi að geta verið neitt á móti því að heimila þeim, sem t. d. nú eiga sparifje í bankanum, að gerast innskots eigendur í honum, í von um hærri vexti en þeir fá nú af sparifje sinu.

Ef byrjað væri á því að heimila mönnum að leggja í bankann innskotsfje, eina miljón króna, þá mundi bankinn þurfa að svara þeim af þessari miljón í arð í *mesta lagi* kr. 25000 um fram þá vexti, sem þeir nú fá í bankanum af fje sinu á innlánskirtinum, ef alt fjeð væri tekið af núverandi innlánsfje bankans. Líta má svo á, að það rýrði hag bankans og landssjóðs óþarflega mikið að greiða öðrum þennan arð, en þegar þess er gætt, hve mikla þýðingu það hefir fyrir banka að hafa sem mest fast veltufje, og hve mikil áhrif það getur haft á hagsmuni hans yfirleitt, að margir eigi hlut í honum, og að margir líti á bankann sem sína eigin stofnun, þá mun það vega fyllilega upp á hallann. Bankinn er og fremur stofnaður í því skyni, að sem flestir hafi arð af honum, en að hann safni miklu fje handa sjálfum sjer, þó að auðvitað þurfi hann einnig að safna nokkru fje, svo að traust hans út á við rýrni eigi. Geta má þess, að arður landssjóðs af innskotsfje hans í bankanum nam 1915 við 8%, en 1916 um 14%.

Við 10. gr.

Ákvæði þetta er í núgildandi lögum.

Til er ætlast, að launakjörin nái til þeirra, sem starfað hafa svo lengi í bankanum, að þeir samkvæmt lögnum eigi rjett til launahækkunar, og að launakjör núverandi gjaldkera raskist eigi.

Þó er eigi ætlast til, að fyrverandi bankastjóri Landsbankans, Björn Kristjánsson, fái laun sín hækkuð úr 6000 kr., þótt hann taki aftur sæti í bankanum, með því að hann æskir eigi launahækkunar.